

Sparisjóður Norðfjarðar ses

Samandreginn árshlutareikningur

30. júní 2014

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 11

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 19,6 millj. kr. en bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 669,0 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki er 20,0 % en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið mati á eiginfjárbörf Sparisjóðsins í svokölluðu SREP ferli og er niðurstaðan sú að eiginfjárkrafan er 16,9% samkvæmt því mati.

Stofnfé sparisjóðsins nam í lok tímabilsins 625,8 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 86 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af stofnfé í lok júní 2014.

Ríkissjóður Íslands.....	49,5%
Fjarðabyggð.....	22,4%


Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og sparisjóðsstjóra er árshlutareikningur sparisjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2014 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2014.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggjt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 og staðfest hann með undirritun sinni.

Neskaupstað, 20. ágúst 2014



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar ses

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar feist í þeiri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Samkvæmt honum ber okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að hófleg vissa fáist um að árshlutareikningurinn sé án verulegra annmarka. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit byggt á endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2014 og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Akureyri 29. ágúst 2014

Enor ehf.



Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	2014 1.1 - 30.6	2013 1.1 - 30.6
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		48.445	46.333
Vaxtatekjur af útlánum		141.128	147.404
Vaxtatekjur af markaðsbréfum		861	883
		<hr/>	<hr/>
		190.435	194.620
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlánum		79.913	108.328
Vaxtagjöld af lántöku		1.123	2.917
		<hr/>	<hr/>
		81.036	111.245
		Hreinar vaxtatekjur	109.399
		Hreinar rekstrartekjur	83.375
Aðrar rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		19.320	18.030
Þjónustugjöld		(3.676)	(5.060)
Gengishagnaður	3	3.513	2.443
Ýmsar aðrar rekstrartekjur		8.132	8.340
		<hr/>	<hr/>
		27.289	23.753
		Hreinar rekstrartekjur	136.687
		Hreinar rekstrartekjur	107.128
Önnur rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld		39.096	34.781
Annar rekstrarkostnaður		58.245	51.073
Afskriftir		1.341	1.440
		<hr/>	<hr/>
		98.682	87.294
Framlög í afskriftareikning útlána	4	(14.234)	(7.252)
		Hagnaður fyrir skatta	23.772
Tekjuskattur		(4.214)	(2.516)
Skattur á heildarskuldir fjármálfyrirtækja		0	(924)
		<hr/>	<hr/>
		(4.214)	(3.440)
		Hagnaður (tap) tímabilsins	19.558
		Hagnaður (tap) tímabilsins	9.142

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

	Skýr.	30.6.2014	31.12.2013
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Sjóður		20.729	31.315
Innstæðubréf og aðrar kröfur á Seðlabanka Íslands		1.480.784	1.454.326
Kröfur á lánastofnanir		380.790	361.436
Sjóðir og kröfur á lánastofnanir samtals	1.882.303	1.847.078	
Útlán			
Útlán til viðskiptamanna	4	2.949.889	2.972.555
Fullnustueignir		169.000	85.000
Útlán samtals	3.118.889	3.057.555	
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum			
Skuldarbréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		36.979	77.829
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		47.790	46.897
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum samtals	84.769	124.727	
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir		85.029	86.370
Skatteign	6	120.809	125.022
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		31.604	16.642
Aðrar eignir samtals	237.442	228.034	
Eignir samtals		<u>5.323.402</u>	<u>5.257.394</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

Skýr. 30.6.2014 31.12.2013

Eigið fé og skuldir

Innlán

Óbundin innlán	2.219.403	2.028.179
Bundin innlán	2.335.540	2.422.269
Innlán samtals	4.554.942	4.450.448

Aðrar skuldir

Lántaka	74.340	88.525
Aðrar skuldir	25.091	68.950
Aðrar skuldir samtals	99.430	157.474

Eigið fé

Stofnfé	625.799	625.799
Varasjóður	43.231	23.673
	669.030	649.472

Eigið fé og skuldir samtals

5

5.323.402 5.257.394

Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

9

Aðrar upplýsingar

7 - 8

Sjóðstremmisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	2014 1.1 - 30.6	2013 1.1 - 30.6
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins		19.558	9.142
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjármisteymi:			
Verðbætur, gengismunur og verðleiðréttigar		(460)	16.231
Framlag í afskriftareikning útlána	4	14.234	7.251
Tekjuskattsinneign, breyting	6	4.214	2.516
Aðrir liðir		1.341	1.440
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(58.821)	(53.269)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<hr/>	<hr/>
		(19.934)	(16.689)
Fjárfestingahreyfingar			
Kröfur á lánastofnanir, breyting		0	35.447
Útlán, breyting		(53.286)	(128.859)
Markaðsskuldabréf, breyting		40.173	437.353
Fjárfestingahreyfingar		<hr/>	<hr/>
		(13.113)	343.941
Fjármögnunarhreyfingar			
Innlán, breyting		81.764	(39.297)
Lántaka, breyting		(13.492)	(13.163)
Fjármögnunarhreyfingar		<hr/>	<hr/>
		68.273	(52.460)
Breyting á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		35.225	274.792
Handbært fé í lok tímabilsins		<hr/>	<hr/>
		1.819.579	1.605.105
		<hr/>	<hr/>
		1.854.804	1.879.897

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sparisjóðurinn heitir Sparisjóður Norðfjarðar ses. Heimilisfang sparisjóðsins er að Egilsbraut 25, Neskaupstað.

Hlutverk Sparisjóðs Norðfjarðar er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður og hann er í íslenskum krónum.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning sjóðsins fyrir árið 2013.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2013.

3. Gengishagnaður (tap)

	2014 1.1 - 30.6	2013 1.1 - 30.6
Gangvirðisbreyting hlutabréfa og skuldabréfa	2.096	11.585
Gjaldeystengdar eignir og skuldir	1.417	(9.142)
Samtals	<u>3.513</u>	<u>2.443</u>

4. Útlán

Afskriftareikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftareikningur Sérstakur	Afskriftareikningur Almennur	30.6.2014 Samtals	31.12.2013 Samtals
Afskriftareikningur í upphafi ársins	113.333	62.452	175.785	216.146
Framlag í afskriftareikning á tímabilinu	10.918	(684)	10.234	24.001
Endanlega töpuð útlán	(24.451)	0	(24.451)	(65.286)
Innkomið áður afskrifað	0	0	0	925
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins	<u>99.800</u>	<u>61.768</u>	<u>161.568</u>	<u>175.786</u>
Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum	3,1%	1,9%	5,1%	5,4%

Skýringar

5. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 625,8 millj. kr. og skiptist í jafnmarga hluti að nafnverðsfjárhæð ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. Stofnfé sjóðsins var í lok tímabilsins í eigu 86 aðila.

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	625.799	23.673	649.472
Hagnaður tímabilsins		19.558	19.558
Eigið fé í lok tímabilsins	<u>625.799</u>	<u>43.231</u>	<u>669.030</u>

Eigið fé í lok júní nam 669,0 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálfyrirtæki er 20,0%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Fjármálaeftirlitið birti í júlí 2013 niðurstöðu könnunar og matsferils á eiginfjárþörf Sparisjóðs Norðfjarðar og er þar gerð krafa um 16,9% eiginfjárlutfall.

Hlutfallið reiknast þannig:

	30.6.2014	31.12.2013
Heildar eigið fé	669.030	649.472
Víkjandi lán	24.160	33.197
Skatteign	(120.809)	(125.022)
Eignarhlutir í fjármálfyrirtækjum	(11.868)	(11.868)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>560.513</u>	<u>545.779</u>

Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta	186.928	185.183
Markaðsáhætta	7.101	11.004
Rekstraráhætta	30.656	30.656
Eiginfjárkrafa	<u>224.685</u>	<u>226.843</u>
Eiginfjárlutfall	20,0%	19,2%

6. Reiknuð skatteign

Breytingar skatteignar á tímabilinu greinast þannig:

	30.6.2014	31.12.2013
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	125.022	139.796
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(4.214)	(14.774)
Reiknuð skatteign í lok tímabilsins	<u>120.809</u>	<u>125.022</u>

Reiknuð skatteign skiptist þannig á eftirfarandi liði:

Rekstrarfjármunir	(1.667)	(1.720)
Gengismunur	2.187	2.263
Útlán	33.971	35.157
Yfirfærilegt skattalegt tap	86.318	89.322
Reiknuð skatteign í lok tímabilsins	<u>120.809</u>	<u>125.022</u>

Skýringar

7. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.103 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.489 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 192,8 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 173 millj. kr.

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjáraðilar sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

Lán til tengdra aðila nema 34,4 millj. kr. í lok júní 2014. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

9. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	30.6.2014	31.12.2013
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	76.869	84.868
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	190.592	214.699